



Fréttatilkynning

01 July 2026 09:52:00 GMT

## Arion banki: Niðurstöður könnunar- og matsferlis fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (SREP)

**Viðbótareiginfjárfkrafa Arion banka undir stoð II (e. Pillar II) er 2,0% frá og með 30. júní 2026 sem er hækkun sem nemur 0,1 prósentustigi frá fyrra ári.**

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands leggur mat á áhættuþætti í starfsemi fjármálafyrirtækja í könnunar- og matsferli (e. Supervisory Review and Evaluation Process, SREP) og með hvaða hætti fjármálafyrirtæki meðhöndlar þá í starfseminni, sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Hjá þeim fjármálafyrirtækjum sem metin eru kerfislega mikilvæg fer slíkt mat fram árlega.

Niðurstaða SREP ferlisins er að Arion banki hf. skuli frá og með 30. júní 2026 viðhalda viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn sem nemur 2,0% af áhættugrunni, sem er hækkun sem nemur 0,1 prósentustigi frá fyrra ári.

Heildareiginfjárfkrafa Arion banka, að teknu tilliti til samanlagðrar kröfu um eiginfjárauka er 19,7%, sem er óbreytt frá fyrra ári.

### Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, [ir@arionbanki.is](mailto:ir@arionbanki.is), s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, [eirikur.jonsson@arionbanki.is](mailto:eirikur.jonsson@arionbanki.is), s. 856 7171

### Viðhengi

[Arion banki: Niðurstöður könnunar- og matsferlis fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands \(SREP\)](#)